



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 22. apríl 2008.

### Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 19. apríl 2008 breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breyting er ská- og feitletruð:

9.5. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. ***Þá skal hann staðfesta úrslit leiks með sms- skeyti til KSÍ skv.nánari leiðbeiningum framkvæmdastjóra KSÍ þar um.***

Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ.

Í þessu felst að dómurum er ætlað að senda sms-skeyti til KSÍ með úrslitum þeirra leikja sem þeir dæma.

***Breytingin tekur gildi nú þegar.***

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ